

Nd.

670. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. nóv. 1919 og á l. nr. 38 14. júní 1929 [Rit-síma- og talsímakerfi].

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem komið er frá háttv. Ed., og rætt það á fundum sínum ásamt brtt. þeim, sem fram eru komnar hér í hv. Nd. við frumvarpið — og allar miða að því að bæta við nýjum línunum, er landssíminn taki upp. Nefndin hefir og leitað álits landssímastjóra. Virðist svo, þrátt fyrir hin nýlega samþykktu einkasímalög (þ. e. l. nr. 11 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum), er veita hlunnindi um símalagningar innan héraða, að eftirsókn sé ávallt vaxandi, víða um sveitir, eftir landssímalínunum, og hefir landssímastjóri, að því er virðist, orðið við velflestum tilmælum hér að lútandi og gefið þeim meðmæli sín. Með því að málum er þann veg komið, hefir samgöngumálanefnd séð þann kost vænstan að fylgja að segja má í alla staði tillögum landssímastjóra og taka þær einar brtt. til greina, sem réttlætanlegar eru að svo vöxnu samkvæmt áliti hans. Fyrir hinum tillögunum verður að sjá á annan hátt, og er einstökum þingmönnum ekki hér með meinað að halda þeim fram í deildinni, ef þeir þykjast eigi sjá sér annað fært.

Að mestu leyti mun og hafa verið fylgt þessari reglu í hv. Ed. og hefir nefndin því látið ákvæði frv. halda sér eins og þau eru komin til hv. Nd., en

telur rétt að fella brtt. þær, sem hér eru teknar upp, inn í ákvæði frv. á við-
eigandi stöðum og orða síðustu málsgr. um

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Síðasta málsgr. frv. orðist svo:

Aftan við sömu lagagrein bætist:

Lína að Valbjófsstað í Fljótsdal. Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arn-
hólsstöðum. Lína frá Hólum í Hornafirði að Syðra-Firði, með hliðarálmu að
Horni. Lína frá Bjarnanesi að Hoffelli. Lína frá Brunnhól að Flatey. Lína frá
Hemlu í Vestur-Landeyjum að Álfhólum í sömu sveit. Lína frá Hveragerði að
Hjalla í Ölfusi. Lína frá Hálsi í Kjós að Fossá. Lína frá Stóra-Kroppi að Hæli
í Flókadal. Lína frá Svignaskarði að Hjarðarholti í Stafholtstungum. Lína frá
Ólafsvík að Brimilsvöllum. Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnar-
eyri. Lína frá Bugðustöðum í Hörðudal að Hlíð eða Seljalandi. Lína frá Tjaldar-
nesi í Saurbæ að Staðarhóli. Lína frá Kinnarstöðum að Reykhólum og þaðan
að Stað á Reykjanesi. Lína frá Vattarnesi í Múlahreppi að Skálmarnesmúla.
Lína frá Bildudal að Dufansdal í Suðurfjarðahreppi. Lína frá Sveinseyri í
Tálknafirði að Suðureyri. Lína frá Breiðavík til Kollsvíkur. Lína norður Bala
að Eyjum við Bjarnarfjörð. Lína frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykj-
um. Lína um Blönduhlíð og Viðvíkursveit. Lína frá Silfrastöðum um Flata-
tungu að Gilsbakka. Lína frá Skinnastað að Austaralandi og lína frá Skinna-
stað um Kelduhverfi að Víkingavatni. Lína frá Leirhöfn um Blikalón til Rauf-
arhafnar, enda verði lögð niður núverandi lína frá Kópaskeri til Raufarhafnar.

Alþingi, 5. des. 1934.

Gísli Guðmundsson,
form.

Gísli Sveinsson,
frsm.

Jónas Guðmundsson,
fundaskr.

Bjarni Bjarnason.

Jón Ólafsson.